afköst í íslenzkum fiskveiðum mikils af fiskimanninum. Hann þarf að vera duglegur, árræðinn, hugkvæmur og kappsamur, það verður að vera kapp í sókninni, öðruvísi höldum við henni ekki uppi.

Fiskirí Hallærisþrenningarinnar dræpi fyrir okkur fiskimannastéttina á nokkrum árum.

Þótt við höfum ekki nú efni á að tapa peningum á fiskveiðistefnu Hallærisþrenningarinnar, þá er það lítilsvert hjá hinu, ef við drepum fiskimannastéttina, með því að leggja á hana sóknarviðjar ár eftir ár. Sá dauði yrði varanlegur.

Albert sterki

Hann Albert karlinn minnir mig stundum á Jón sterka í Skugga-Sveini („Sáuð þið, hvernig ég tók hann, piltar".).

Það getur verið, að Albert viti lítið um fiskveiðar, maður veit ekkert um hvað hann veit, hann fer með það eins og ríkisleyndarmál, kannski er engu að leyna, ég veit það ekki, en af hverju sló hann ekki í borðið, þar sem hann sat fastur í hinu víðkunna fjárlagagati sínu og skipaði Dóra að fiska uppí gatið.

„Þú fiskar uppí gatið, Dóri minn, ellegar ég sparka í þig og reikna á þig 50-100 þúsund tonn með raunvöxtum og lánskjaravísitölu, það er líklega á fjórða milljarð, sem þú ætlar að geyma í haust til betri tíma og láta mig leggja á söluskatt og taka lán með ránvöxtum. Ég væri þá ekki Albert Guðmundsson, ef ég liði þér þetta."

Af hverju hvíslaði því enginn góður maður að Albert, að þarna gæti hann komizt almennilega í sviðsljósið og gert gagn um leið.

Það er hægt að fiska uppí fjárlagagatið hans Alberts, ef við nýtum fiskiflotann til fulls til áramóta, veiðum 100 þúsund tonn og fiskmarkaðirnir í Englandi og Þýzkalandi falla varla svo að við næðum ekki 30-40 króna meðalverði og þá væru þetta 3-4 milljarðar og Albert karlinn hefði afgang. (Það er leiðinlegt, hvað hann Albert leggst oft undir réttmæt högg, eins og margt er vel um hann, en það er svona að fæðast götóttur.)

Lúðvík er horfinn, Matthías Bjarnason kominn í spítalalífið og Steingrímur ber ábyrgð á Halldóri, en allir þessir ráðherrar björguðu hver um sig sínum ríkisstjórnum frá horfelli með því að taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir að hafa kynnt sér þekkingarleysi Hafrannsóknar til að móta fiskveiðistefnu.

Kratafiskiríið

Ég ætla í lokin að fara nokkrum orðum um Kratafiskiríið, sem margir halda sé byggt á skynsemi og það er nú kannski rétt nema henni ekki nægri. Þessi fiskveiðistefna er útlend og runnin frá þjóðum, sem hafa fiskveiðar sem aukaatvinnugrein eða sport.

Um þessa fiskveiðistefnu skrifaði dr. Gylfi, höfuðkrati, lærða bók í vindinn, þar sem hann gaf sér fiskifræðilegar forsendur sem ekki eru enn til staðar. Þeir læra þetta í marxismanum að skrifa lærðar bækur á röngum forsendum og búa til kenningar.

Áður en skrifuð er fiskihagfræði verður að vera til staðgóð fiskilíffræði.

Það er skemmst af að segja, að það þýðir ekki að reyna Kratafiskirí við okkar aðstæður. Fisk er ekki hægt að geyma hér á miðunum, það er algert bull, og auk þess er Kratafiskiríið samdráttarstefna, sem við, sem lifum af fiskveiðum, þolum ekki. Í þessari stefnu eru fyrst fundnir markaðir, vinnslan ákveðin eftir þeim og eftir henni ákvarðast síðan veiðarnar. Þetta er stöðnunar- og samdráttarkerfi. Hvatinn er horfinn til framfara. Hjá fiskveiðiþjóð, sem lifir af fiskveiðum og þarf umfram allt að halda sjávarútvegi sínum afkastamiklum og hefur til þess nógan fisk, þá eiga veiðarnar að þrýsta á vinnsluna til aukinna afkasta, hagkvæmni og fjölbreyttari vinnslu og vinnslan síðan að þrýsta á leit að sem hagkvæmustum mörkuðum. Þannig á gangurinn að vera uppeftir kerfinu hjá okkur í sjávarútvegi. Kratadúllið getur passað Kanadamönnum og Norðmönnum, sem reka sinn sjávarútveg til atvinnubóta og geta leyft fiskifræðingum sínum að gera tilraunir með fiskveiðar sínar. Það fór nú illa fyrir þeim í fyrra, Kanadafiskifræðingunum og hafa þeir þó betri aðstæður en okkar, fiskur gekk ekki á grunnið eins og hann „átti" að gera. Kanadamenn veiða ekki enn undir fiskifræðingunum sínum nema brot af því, sem mið þeirra gáfu meðan útlendingarnir sóttu á þau. Bæði Norðmenn og Kanadamenn búa við ríkisstyrkt stjórnunarkerfi í sínum sjávarútvegi og hafa efni á því en við ekki, og búa að auki við allt aðrar aðstæður á fiskislóðum og hegðan fisks en við hérlendis. Það sýnir hvílíkt hallæri ríkir í kollinum á Hallærisþrenningunni, að hún vísar öll, sem einn maður, mikið til þessara þjóða um fordæmi í íslenzkum fiskveiðum.

Kristján Ragnarsson boðar Kratafiskirí en það fyrirgefst honum því að hann er undir martraðardraumi um „síðasta þorskinn," en þeir menn ganga ekki heilir til skógar. Eins og þetta var harður og klár náungi meðan hann var í framvarðarsveitinni gegn Hafrannsókn.

Það er líka dálítið sárt að sjá á eftir Jóni Baldvin í Krataróðrana, ef hann fær til þess fylgi. Hann ætlar að stilla veiðarnar eftir vinnslunni, maðurinn, þessum vinnslustöðvum sem eru lokaðar frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns og reknar hálft árið með farandverkafólki og unglingum og geta hvorki greitt mannsæmandi kaup, né fiskverð, af því að vinnslan hérlendis er fólksfrek og fjármagnsdýr beinhreinsunar- og ormatínsla en ágóðinn í blómlegum fullvinnslu- og sölufyrirtækjum úti í Bandaríkjunum. Og nú á að fara að leika sama leikinn með sölu- og fullvinnslustöðvar í Englandi, sem strax geta borgað gott kaup og þrefalt verð fyrir fiskinn miðað við vinnsluna hér heima. Jóni Baldvin er ekki sjálfrátt fremur en Kristjáni af því að Jón er blóðkrati.

Hafrannsóknarmönnum er heldur ekki sjálfrátt. Þeir lifa margir í fiskifræði kommúnistaávarpsins og í þeirri fiskifræði kemur margt til álita. Ég veit ekkert í hverju Halldór Ásgrímsson lifir, enda er ég aldrei viss um að hann sé á lífi, ráðherrann er stundum eins og útfrymi á andafundi (að segja fréttir að handan).

Við eigum að losa sem mest um tengslin milli veiða og vinnslu og hvor greinin um sig að standa á eigin fótum. Fiskvinnslustöðvarnar kaupa þá ekki annan fisk en þær geta unnið með hagkvæmni og fiskimennirnir selja sinn fisk, þar sem bezt borgar sig að selja hann og það á ekki að skattleggja þá fyrir að selja á góðum markaði.

Þá er það og eindregin skoðun mín, að íslenzk fiskislóð þarfnist jafnrar og góðrar grisjunar og þannig fáist af henni jafnbezti aflinn og ekki minna en 400 þúsund tonn árlega af þorski og tek ég þar mið af árunum 1952-71 og þeirri sögulegu staðreynd, að lítil sókn leiði til of stórs þorskstofns, sem aftur leiðir til aflaleysis og þannig auki of mikil friðun hinar náttúrlegu sveiflur, og geti jafnvel orsakað felli í þorskstofninum, ef Hafrannsóknaraflinn yrði að veruleika.

Höfundur er rithöfundur.



Frá vinstri: Björn Th. Björnsson, listfræðingur, Guðrún Kjarval, ekkja Sveins Kjarvals sonar Jóhannesar, Kolbrún S. Kjarval, dóttir Sveins og Guðrúnar Kjarval, Hrafnhildur Schram, listfræðingur og Þorsteinn Jónsson, forstöðumaður Listasafns ASÍ. Morgunblaðið/Ól. K.M.

Litskyggnubækur með verkum Jóhannesar S. Kjarvals

Í TILEFNI 100 ára fæðingarafmælis Jóhannesar S. Kjarvals gefur Listasafn ASÍ úr þrjár 36 mynda *litskyggnubækur með verkum Kjarvals.*

Með hverri bók er textahefti um hvert tímabil í list Kjarvals og textaskýringar með hverri mynd. Fyrsta bókin kom úr á þriðjudaginn, en hún er eftir Björn Th. Björnsson listfræðing, og nær yfir árin 1885-1930. Þá eru tvær bækur væntanlegar í næstu viku og eru þær báðar eftir Hrafnhildi Schram, listfræðing. Önnur bók hennar nær yfir tímabilið 1930-1946 og hin 1946-1968. Árið 1968 lauk listaferli Kjarvals, en hann lést árið 1972.


Litskyggnubækurnar eru gefnar út í 500 eintökum og er verð hverrar þeirra 900 krónur. Til stendur að gefa bækurnar út í enskri útgáfu en verið er að athuga hvernig best sé að standa að kynningu þeirra á erlendri grund. Sýningar verða á verkum hans víða erlendis og hefst sú fyrsta í næsta mánuði í Valdimarsudde í Stokkhólmi og stendur til vorsins.

Áður hefur Listasafnn ASÍ gefið út fimm litskyggnubækur með verkum eftir Gísla Jónsson, Íslenskri vefjarlist 1950-80, Nínu Tryggvadóttur, Ásgerði Búadóttur og Tryggva Ólafsson.

Ráðgert er að gefa út litskyggnubók á vegum listasafnsins með verkum eftir Gunnar Örn Gunnarsson í janúar nk.

Lumenition®
Platínulausa transistorkveikjan

Mótleikur við hækkandi bensínverði



★ **STAÐREYND:** Frá því augnabliki, sem nýjar platínur eru settar í kveikjuna, þá byrja þær að brenna og platínubilið að breytast. Ástandsbreyting á platínum er langalgengasta orsök orkutaps og aukinnar bensíneyðslu.

★ **STAÐREYND:** Slæmt ástand á platínum er algengasta orsök þess að vélin fer ekki í gang, sem oft hefur í för með sér aðkeyptan akstur og vinnutap.

★ **STAÐREYND:** Slit eða gallar á kveikjuknöstum hafa engin áhrif á gang vélarinnar með notkun LUMENITION. Jafnvel slit á fóðringum hefur ekki truflandi áhrif.

★ **STAÐREYND:** Missmíði eða slit á kveikjuknöstum, svo og slitnar kveikjufóðringar, hafa mjög truflandi áhrif á gang vélarinnar. Jafnvel nýjar vélar geta haft slípunargalla á kveikjuknöstum.

★ **STAÐREYND:** Með notkun LUMENITION er „veikasti hlekkur" kveikjurásarinnar (platínur og þéttir) endanlega úr sögunni. Að þessu leyti tryggir LUMENITION hámarks orku- og bensínnýtingu, sem helst óbreytt.

★ **STAÐREYND:** LUMENITION kveikjubúnaður er ónæmur gagnvart raka.

★ **STAÐREYND:** Í LUMENITION eru engir hlutir sem slitna eða breytast við núning.

★ **STAÐREYND:** Platínulaus kveikjubúnaður var lögleiddur í Bandaríkjunum 1975 eftir að opinber rannsókn sannaði, að óþörf mengun (= bensíneyðsla) vegna ástandsbreytinga á platínum var úr sögunni með notkun slíks búnaðar. Nýir bílar frá ýmsum löndum koma í vaxandi mæli með platínulausum kveikjubúnaði. Kröfur neytenda knýja þar á.

HÁBERG HF
SKEIFUNNI 5A, SÍMI: 91-8 47 88

TÖLVUEIGENDUR
OKIMATE 20
LITAPRENTARINN ER BYLTING!



OKIMATE 20 er hitaprentari. Þessi texti er skrifaður með OKIMATE 20, laglegt ekki satt? OKIMATE 20 prentar á venjulegan pappír og á glærur! OKIMATE 20 getur prentað skjámyndir í lit frá IBM-PC og sambærilegum tölvum.

* Breytilegar stafastærðir
* 8 K innra minni
* YFIRSKRIFT UNDIRSKRIFT
* 80 stafir á sekúndu
* 40 st/sek í gæðaletri
* 144 x 144 punktar í grafík
* Kostar aðeins Kr. 15.900.-

MIKRÓ
Skeifunni 11 Sími 685610